

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

28. október 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi, 11. mál.

Samtök atvinnulífsins styðja að frumvarp þetta verði að lögum.

Sá háttur ríkti áður að stjórnvöld sömdu við einstaka erlenda fjárfesta um ívilnanir vegna verkefna og voru samningarnir lagðir fyrir Alþingi til samþykktar. Á þessu varð jákvæð breyting með lögum nr. 99/2010 þegar samþykktar voru almennar reglur um ívilnanir vegna fjárfestinga sem giltu hvort sem um var að ræða innlenda eða erlenda fjárfesta. Þau lög féllu úr gildi í árslok 2013 og var þá horfið til fyrra verklags.

Frumvarpið er að miklu leyti svipað lögnum nr. 99/2010 en forsenda þess að einstök framkvæmd falli undir lögin er að án ívilnunar yrði ekki af framkvæmdinni. Nauðsynlegt er að tryggja samkeppnishæfni Íslands og að sambærilegar reglur gildi um ívilnanir hér og í nálægum ríkjum.

Samtökin hafa kynnt sér ábendingar Íslandsstofu við frumvarpið, sem sendar voru Alþingi 20. október 2014, og taka almennt undir þær.

Virðingarfyllt,



forstöðumaður samkeppnishæfni.